

# Árshing Karatesamband Íslands

22.mars 2001

## Þingsetning

Formaður KAÍ, Ólafur Wallevik setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna.

## Kosnir fastir starfsmenn þingsins

Jón Hákon Bjarnason var kosin fundarstjóri og Sigríður Perla Thorsteinson var kosin ritari.

## Kosnar fastar nefndir:

### a) Kjörbréfanefnd

Jón Hákon Bjarnason og Halldór Svavarsson

### b) Fjárhagsnefnd

Helgi Jóhannesson, Indriði Jónsson og Ólafur Wallevik

### c) Laga-og leikreglanefnd

Ólafur Hreinsson, Ásmundur Ísak Jónsson og Bjarni Örn Kærnested

### d) Allsherjarnefnd

Ingólfur Snorrason, Aðalundur Sævarsson, Edda Lúvís Blöndal

### e) Kjörnefnd

Ólafur Hreinsson, Reinhard Reinhardsson

## Skýrsla fráfarandi stjórnar

Formaður KAÍ, Ólafur Wallevik flutti skýrslu stjórnar. Formaður talaði um að öflugt og gott unglिंगastarf hefði verið unnið á árinu, því til samanburðar benti hann á að um 320 keppendur hefðu verið skráðir til þátttöku á unglिंगameistaramótinu árið 2001 en um 290 árið áður. Greindi einnig frá þeirri nýbreytni að "kæra" keppendur inn en það voru þeir keppendur sem ekki höfðu verið skráðir tímanlega og voru um 30 slík tilfelli.

Formaður greindi einnig frá þeirri nýbreytni varðandi mótahald aðildarfélagin voru látin sjá um framkvæmd mótanna og það með góðum árangri. Þannig sá t.d. Karatefélagið Þórshamar um UM KATA, Karatedeild Hauka um UM KUMITE, Karatefélag Reykjavíkur um IM KATA og karatedeild Fylkis um IM KUMITE. Einnig lýsti formaður yfir ánægju sinni með að sum félagin hefðu komið sér upp fána og vildi benda ördum félögum að gera jafn vel, jafnvel betur bæði hvað varðar fána og eins auglýsingar á mótum. Vonaði jafnframt að sú hefð myndi haldast að vera með sýningaratriði á mótum sambandsins.

## Reikningar sambandsins:

Gjaldkeri lagði fram ársreikninga sambandsins og kom einnig með þá tillögu að reikningar sambandsins yrðu framvegis gerðir upp samkvæmt almanaksári.

Reikningarnir voru samþykktir einróma svo og tillaga gjaldkera um að miðað verði við almanaks ár framvegis.

## Fjárhagsáætlun stjórnar

Formaður kynnti fjárhagsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár spurning hvort hún ætti að miðast við almanaksár.

Miðað er við að tekjur sambandsins verði um 1,6 millj. króna. Þar af yrðu tekjur frá aðildarfélögum 300 þús., Lottótekjur frá ÍSÍ 500 þús., Útbreiðslustyrkur 550 þús. og tekjur vegna móta 250 þús. Miðað er við að ráðstöfun þessara tekna verði sem hér segir:

### Mótahald

Verðlaunapeningar	150.000
Ferðir innalands	30.000
Auglýsingar	120.000
Ýmislegt	50.000
Landslið	800.000
Dómaramál	200.000
Upplýsingamiðlun	200.000
Annar rekstur	50.000

Varðandi upplýsingamiðlunina er enn ógert myndband um KATA (sem ætlað er til kynningar og að auðvelda dómurum störfin við dómgæslu) og gerð heimasíðu KAÍ sem samþykkt var á síðasta ársþingi.

Tillögur um breytingar á lögum og leikreglum:

Formaður lagði fram tillögu um breytingu á 13. gr. laga sem er svo hljóðandi: "Karatedómstóllinn er kosinn á þingi. Hann skipa 3 aðalmenn og 3 varamenn. Dómstóllinn kys sér formann. Í dómstólinn má ekki setja nema einn úr hverju félagi, hvorki sem aðalmann eða varamann". Karatedómstóllinn starfar samkvæmt dóms-og refsíákvæðum ÍSÍ". Í stað skal 13.gr. vera svo hljóðandi: "Dómsmál vegna málaferla KAÍ skulu rekin fyrir dómstólum ÍSÍ".

Einnig kom formaður með þá tillögu að fella niður 13.lið í 8.gr. laga KAÍ sem er svo hljóðandi: "kosnir 3 menn í karatedómstól og 3 til vara". Og setja skal inn ákvæði til bráðabrigða (sem gildir til 1. júní 2001): "Karatedómstóll er kosinn á þingi. Hann skipa 3 aðalmenn og 3 varamenn. Dómstóllinn kys sér formann. Í dómstólinn má ekki setja nema einn mann úr hverju félagi, hvorki sem aðalmann eða varamann. Karatedómstóllinn starfar samkvæmt dóms-og refsíákvæðum ÍSÍ. Þeir sem eru kjörnir starfa til 1. Júní 2001 en eftir þann tíma skal fara með dómsmál samkvæmt 13.gr. laga Kai."

Aðrar tillögur og önnur mál.

Rætt var um 11.gr. laga um hvort eigi að fara eftir reglum mótanefndar KAÍ eða WKF. Kom þetta af stað mikilli umræðu og til að mynda sagði Ólafur Hreinsson að ef ætti að fara eftir reglum WKF að þá yrði að kynna það vel fyrirfram. Edda sagði það betra fyrir keppnisfólk að farið yrði eftir reglum WKF, þ.e. að sömu reglur myndu gilda á innanlandsmótum og mótum erlendis. Formaður lagði til að haldin yrði kynningarfundur á þessum málum eftir eitthvert bikarmótið og var það samþykkt.

Nefndir komi sér saman:

Nefndarálit:

a) Kjörbréfanefnd, gerði enga athugasemd við kjörbréf.

b) Fjárhagsnefnd samþykkti fjárhagsáætlunina (sem miðaðist við tæplega 1 Formaður lagði til að fyrir hvert mót fengi það aðildarfélag sem sæi um framkvæmd þess, 30. þús. frá KAÍ til að setja auglýsingu í blað.

c) Laga- og leikreglanefnd samþykkti tillögu á 11.gr. laga (sjá 7. lið)

Laga og leikreglanefnd kom með þá tillögu varðandi 11.gr.laga að sett verði nefnd innan KAÍ, einn frá hverju félagi þar sem þetta verði samræmt þeim leikreglum sem mótanefnd KAÍ fer eftir og verði þá aðallega tekið tillit til unglíngamóta (börn yngri en 16 ára). Börn eldri en 16 ára verði samkvæmt nýju reglunum nema í skyldu kata. Reglur í kata og kumite viðkomi meira fyrir keppnisfólk og dómara. Helgi Jóhannesson spurði hver sæi um að uppfæra lögin og þar sem engin bauð sig fram bauðst hann til að gera það sjálfur.

d) Allsherjarnefnd: Engin verkefni voru á hennar vegum í ár.

e) Kjörnefnd leggur til eftirfarandi menn í sjórn, varastjórn og endurskoðendur var samþykkt einróma og voru því eftirtaldir kosnir:

Ólafur Wallevik, formaður  
Halldór Svavarsson, varaformaður  
Indriði Jónsson, gjaldkeri  
Reinhard Reinhardsson, ritari  
Ingólfur Snorrason, meðstjórnandi

Bryndís Valbjarnar, varamaður  
Ómar Ívarsson, varamaður  
Helgi Jóhannesson, varamaður

Helgi Jóhannesson, endurskoðandi  
Jón Ingi Þorvaldsson, endurskoðandi

### Kjör í karatedómstól

Sem gildir til 1. júní þegar ný nefnd tekur til starfa. Í karatedómstól voru kosnir þeir Karl Gauti Hjaltason, Ólafur Hreinsson og Halldór Svavarsson. Til vara eru Vicente Carrasco, Jón Ingi Þorvaldsson og Ómar Ívarsson.

### Val fulltrúa á íþróttahing

Því var vísað til stjórnar að velja tvo fulltrúa á íþróttahing.

### Önnur mál

Mikið var rætt um hvort loka eigi á HM eða ekki vegna mikils ferðakostnaðar þar sem móttin verði í fjarlægari löndum. Ingólfi fannst það lélegur metnaður stjórnar KAÍ ef loka eigi á móttin og finnst það eigi að skoða hvort grundvöllur sé fyrir að vera með eða þá að styðja við bakið á þeim sem hafi áhuga á að vera með. Leggur Ingólfur jafnframt til að skipuð verði landsliðsnefnd sem fari með mál þeirra sem eru að keppa í dag og verði í eldflunni næstu ár. Formaður var fyllilega sammála. Jón Hákon stakk uppá að þessu verði vísað til stjórnar og Helgi Jóhannesson vísar á 9. grein laga.

Karateþingi slitið.